

# 0 Verðkönnunar- og samningsskilmálar

## 0.1 Yfirlit

### 0.1.0 Verðkönnun

Rangárþing ytra óskar eftir tilboði í verkið „Fossabrekkur“. Óskað er eftir heildarhönnun í verkið, þ.e. arkitekta-, landslags- og verkfræðihönnun.

Tilboð skal gera samkvæmt verðkönnunargögnum þessum eins og þeim er lýst í grein 0.1.4. „Verðkönnunargöngögn“.

### 0.1.1 Um er að ræða opna verðkönnun þar sem öllum er boðið að taka þátt.

#### Lauslegt yfirlit yfir verkið.

Markmið framkvæmdar við Fossabrekkur er að auka upplifun gesta á staðnum / svæðinu, undirbúa svæðið undir aukinn gestafjölda og stýra álagi og umferð fólks um svæðið. Það þjónar bæði ferðalöngum og náttúrunni að skipuleggja svæðið og umgengni um það af kostgæfni. Með nýju bílastæði fæst meira rými fyrir bíla og rútur. Gert er ráð fyrir gönguleið frá bílastæði. Einnig er gert ráð fyrir göngubrú og útsýnispalli þar sem gestir geta tyllt sér og notið náttúrufegurðarinnar.

Lögð er áhersla á góðan frágang og vandaða hönnun sem vinnur vel með umhverfinu. Á áningarstað er gert ráð fyrir upplýsinga- og fræðsluskilti.

Verðkönnunin nær yfir fullnaðarhönnun í samræmi við gildandi deiliskipulag á:

Bílastæðum

Göngustíg frá bílastæðum að útsýnispalli

Gönguleið upp fyrir upptök

Göngubrú lengd 20-25 metrar.

Útsýnispalli stærð 300 - 350 m<sup>2</sup>

Gerð hefur verið lausleg áætlun um undirbúning og framkvæmdir við áningarstaðinn og er þar miðað við eftirfarandi áfanga í verkinu:

- ▶ Verðkönnun hönnunar apríl 2023
- ▶ Samningur við hönnuði apríl 2023
- ▶ Útboð framkvæmda júlí 2023
- ▶ Samningur við framkvæmdaraðila ágúst 2023
- ▶ Framkvæmdir hefjist september 2023

### 0.1.2 Verðkönnun - yfirlit

Verðkönnun

Hér er um opna verðkönnun að ræða og er ekki auglýst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

Verðkönnun - tímaáætlun:

Gögn birt á heimasíðu Rangárþings ytra þriðjudaginn 23. mars 2023.

▶ Kynningarfundur og vettvangsferð verður ekki en bjóðendur beðnir um að kynna sér svæðið grein 0.1.6.

▶ Fyrirspurnatíma lýkur 14. apríl 2023 sjá nánar grein 0.1.5.

▶ Svarfrestur rennur út 18. apríl 2023 sjá nánar grein 0.1.5.

▶ Opnun tilboða **20. apríl 2023, kl.: 14:00** sjá nánar grein 0.2.9.

▶ Upphaf hönnunartíma við töku tilboðs 4. maí 2023 sjá nánar grein 0.3.2.

▶ Lok hönnunartíma 24. ágúst 2023 sjá nánar grein 0.3.2.

▶ Tilboðstrygging, skuldbinding tengd undirritun tilboðs sjá nánar grein 0.2.10

▶ Tafabætur 60.000 kr./dag Sjá nánar grein 0.3.3.

▶ Verðlagsgrundvöllur, verkið verðbætist ekki sjá nánar grein 0.2.5.

▶ Frávikstilboð eru ekki heimiluð sjá nánar grein 0.2.7.

- ▶ Umfang hönnunar getur breyst um allt að 20% eftir tillögum hönnuða. Ekki er gert ráð fyrir að greiða aukalega fyrir það.
- ▶ Tilboðsskrá
- ▶ Opnunarstaður tilboða Skrifstofa Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella. Sjá nánar grein 0.2.9. Tilboðum er hægt að skila í pósti og tölvupósti.

### **0.1.3 Upplýsingar um verkkaupa og ráðgjafa**

#### **0.1.3.1 Verkkaupi**

Rangárþing ytra  
kt. 5206023050  
Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella

#### **0.1.3.2 Umsjónaraðili með verðkönnun**

Forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs  
Tómas Haukur Tómasson  
Netfang: tomas@ry.is

#### **0.1.4 Verðkönnunargögn**

Verðkönnunargögn verða aðgengileg á skrifstofu og heimasíðu Rangárþings ytra. Til gagna þessara teljast einnig eftirtalin fylgiskjöl:

- ▶ Þarfagreining verkaupa á uppbyggingu áningarstaðs við Fossabrekkur. f. Lýsing úr umsókn til Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða.
- ▶ Deiliskipulag af svæðinu.
- ▶ Aðalskipulag Rangárþings ytra 2008-2020
- ▶ Hæðarlínukort og dwg grunnur
- ▶ Tilboðsskrá

#### **0.1.5 Skýringar á gögnum**

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á gögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda umsjónaraðila sem getið er í grein 0.1.3.2 „Umsjónaraðili með verðkönnun“ fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.2 „Verðkönnunarform - Verðkönnunaryfirlit“.

Fyrirspurnin skal merkt: „Fossabrekkur, hönnun“ og send með tölvupósti á netfangið tomas@ry.is.

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem fengið hafa verðkönnunar gögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 0.1.2 „Verðkönnun - yfirlit“. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af verðkönnunargögnunum.

#### **0.1.6 Kynningarfundur**

Ekki verður haldinn kynningarfundur vegna verðkönnunarinnar.

## **0.2 Tilboð**

### **0.2.0 Gerð og frágangur tilboðs**

Óskað eftir upplýsingum um fyrirtækið sem stendur að tilboðinu, almenna reynslu þess og reynslu lykilhönnuða af sambærilegum verkefnum. Með sambærilegum verkefnum er átt við hönnun mannvirkja og áningarstaða fyrir ferðamenn í óbyggðum, sem unnin hafa verið fyrir einka- eða opinbera aðila.

Mikilvægt er að upplýsingar þær sem beðið er um séu greinargóðar og nákvæmar.

Þá skulu bjóðendur einnig gera grein fyrir skipulagi hönnuða, setja fram hugmyndir um nálgun á verkefninu og lýsa tilhögun vinnunnar.

Upplýsingum sem óskað er eftir í greinum 0.2.0 og 0.2.1 skal skila inn með tilboði í lokuðu umslagi eða í tölvupósti á [tomas@ry.is](mailto:tomas@ry.is) merkt „Fossabrekkur verðkönnun“

Farið verður með allar upplýsingar frá bjóðendum sem trúnaðarmál.

### 0.2.1 Upplýsingar um fjárhag

Bjóðendur mega ekki vera í vanskilum með opinber gjöld eða lífeyrissjóðsgreiðslur.

Verkkaupi áskilur sér rétt til þess að kalla eftir staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum áður en skrifað er undir samning. Bjóðandi skal skila umbeðnum gögnum innan viku frá ósk verkkaupa þar um.

### 0.2.2 Upplýsingar um hönnunarstjóra og lykilhönnuði

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu eftirfarandi gögnum er varða hönnunarstjóra og lykilhönnuði.

- ▶ Starfsferilslýsingar hönnunarstjóra og annarra lykilmanna sem koma munu að verkinu . Koma skulu fram upplýsingar um menntun, starfsaldur, almenna reynslu, stöðu í fyrirtæki og helstu verkefni sem þessir aðilar hafa unnið við á liðnum árum í tímaröð.
- ▶ Upplýsingar um sambærileg verk sem hönnunarstjóri og aðalhönnuðir hafa komið að á síðastliðnum 10 árum. Tilgreina skal heiti verks, hvenær það var unnið, nafn verkkaupa og tengiliðs hans sem hafa má samband við vegna umsagnar um samstarfshæfni.
- ▶ Upplýsingar um sambærileg verk sem lykilmenn hönnuða hafa komið að á síðastliðnum 10 árum.

### 0.2.3 Greinargerð um gæðapætti

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu greinargerð sem inniheldur eftirfarandi þætti.

- ▶ Skipurit hönnuða fyrir verkið þar sem fram koma upplýsingar um ábyrgð hvers starfsmanns ásamt samskipta og boðleiðum.
- ▶ Greinargóð lýsing á hugmyndum, sýn og nálgun hönnunarhópsins að lausn og efnisvali verkefnisins.
- ▶ Vinnuferlar og aðrar upplýsingar um hvernig hönnuðir hyggjast standa að verkinu þ.e.a.s.:
  - > Hvernig staðið verður að því að fylgjast með og tryggja framvindu verkefnis.
  - > Hvernig samskiptum og samráði við verkkaupa verður háttað.
  - > Hvernig hönnuðir muni standa að því að tryggja gæða- og kostnaðargát í verkefninu.

### 0.2.4 Þóknun

Bjóðendur skulu tilgreina í tilboðsskránni bæði mat þeirra á tímafjölda á hverjum lið og tilboð í meðaltals tímagjald fyrir hönnunar teymið, einnig skulu bjóðendur gefa upp meðaltals tímagjald fyrir aukaverk ef til kemur Greitt verður fyrir unna tíma á frum-/forhönnunarskeiði en þó að hámarki þann fjölda tíma sem bjóðandi metur í tilboðsskrá. Á öðrum skeiðum verkefnisins verður greitt fast verð samkvæmt tilboði bjóðanda óháð tímanotkun. Nánar tiltekið verður þóknun sem hér segir og skulu bjóðendur tilgreina meðaltals tímagjald og klst fyrir eftirtalda verkþætti:

01

- Frum-/forhönnun, gefa skal upp áætlaða tímanotkun og heildar upphæð hönnunarteymis fyrir þessa tvo liði.

02

- Aðaluppdrætti,
- Verkeikningar allra fagsviða
- Útboðsgögn

- Kostnaðaráætlun
- Hönnunarstjórnun
- Hönnunarfundir
- Ráðgjöf, eftirfylgni og efnissamþykktir á byggingartímanum.

Innifalið í þóknun fyrir þessa verkþætti skal vera öll vinna hönnuða sem þarf við að leysa verkefnið samkvæmt gögnum þessum, öll ljósritun, prentun og fjölföldun gagna sem þarf vegna vinnu hönnuða í teyminu og til að fá samþykki opinberra yfirvalda á hönnuninni (s.s. bygginganefndar og byggingarfulltrúa), allur akstur og annar ferðakostnaður svo og allur annar ótalinn kostnaður.

03

- Meðaltals tímagjald hönnuða fyrir 50 klst vegna aukaverka

### 0.2.5 Verðlagsgrundvöllur

Samningsfjárhæð er á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til ráðgjafa á samningstímanum.

### 0.2.6 Fylgigögn með tilboði

Auk þess að skila inn tilboðsblaði og tilboðsskrá samkvæmt grein 0.2.0 „Gerð og frágangur tilboðs“ skulu bjóðendur skila eftirfarandi gögnum með tilboði sínu:

- ▶ Starfsferillýsingar hönnunarstjóra og lykilmanna hönnuða, sbr. grein 0.2.2
- ▶ Lista yfir sambærileg verkefni sem bjóðandi hefur unnið á síðastliðnum 10 árum, sbr. grein 0.2.2.
- ▶ Greinargerð um nálgun verkefnis, sbr. grein 0.2.3.
- ▶ Greinargerð um vinnuferla, sbr. grein 0.2.3.

Hér eru einungis talin upp þau skjöl sem fylgja skulu tilboðinu. Aðrar upplýsingar sem óskað er eftir skulu skráðar á tilboðsblöð. Skili bjóðandi ekki með tilboði sínu umbeðnum gögnum áskilur verkkaupi sér rétt til að vísa tilboði hans frá sem ógildu.

### 0.2.7 Frávikstilboð

Ekki er heimilt með frávikstilboði að gera tilboð í aðra tilhögun verksins en þá sem lýst er í gögnum þessum.

### 0.2.8 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi eða með tölvupósti á [tomas@ry.is](mailto:tomas@ry.is) þannig merktu:

Fossabrekkur, hönnun.

„Nafn bjóðanda“

Verðtilboð

### 0.2.9 Skil og opnun tilboða

Opnunarfundur

Tilboðum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Rangárþings ytra að Suðurlandsvegi 1-3, 850 Hella eða með tölvupósti á netfangið [tomas@ry.is](mailto:tomas@ry.is) (0.1.3.1.) **Eigi síðar en á tilgreindum opnunartíma tilboða, 20. apríl kl. 14:00, þar sem verðtilboð verða opnuð að viðstöddum þeim sem þess óska.**

Tilboð sem berast eftir tilgreindan opnunartímatíma verða ekki tekin til greina. Bjóðandi er einn ábyrgur fyrir því að tilboð berist á réttan stað fyrir opnunartíma tilboða.

## 0.2.10 Gildistími tilboðs – Tilboðstrygging

Með undirritun á framlögðu tilboði sínu skuldbindur bjóðandi sig til að standa við tilboðið í 6 vikur frá skiladegi tilboða. Samþykki verkkaupi tilboð með skriflegum hætti innan gildistíma þess kemst á bindandi samningur á grundvelli gagna og tilboðs bjóðenda.

## 0.2.11 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi mun ekki greiða þóknun fyrir tilboðsgerðina.

## 0.2.12 Val á tilboði

Verkkaupi mun taka hagkvæmasta tilboði út frá mati verkkaupa á verði og lýsingu í greinargerð (0.2.3). Verkkaupi áskilur sér einnig rétt til þess að hafna öllum tilboðum. Verði tilboði tekið verður gerður skriflegur samningur við viðkomandi aðila um það verk.

Bjóðandi skal uppfylla eftirfarandi hæfnisþætti.

- ▶ Fyrirtækið skal hafa minnst 2 sérfræðinga á fagsviði arkitektúrs
- ▶ Fyrirtækið skal ekki vera í vanskilum með opinber gjöld.
- ▶ Fyrirtækið er ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsgjöld starfsmanna.
- ▶ Hönnunarstjóri skal hafa a.m.k. 5 ára almenna starfsreynslu sem arkitekt. Tilgreina skal heiti verkefnis, nafn verkkaupa og tengiliðs sem hafa má samband við til að vegna umsagnar um hönnunarstjóra.
- ▶ Hönnunarstjóri og lykilhönnuðir skulu, hver um sig, hafa reynslu af a.m.k. tveimur sambærilegum verkefnum fyrir opinbera aðila á s.l. 10 árum, þar sem þeir hafa verið virkir þátttakendur í hönnun á sínu sviði.

## 0.3 Verkefni hönnuða

### 0.3.0 Verkefni hönnuða

Verkefni hönnuða hvers á sínu sviði eru eftirfarandi:

- ▶ Frum-/forhönnun

Hönnuðir vinni saman með forstöðumanni framkvæmda- og eignasviðs að þarfagreiningu verkefnisins og ákvarðanatöku allri er snýr að útliti, skipulagi og nýtingu mannvirkisins.

Afurð: Afstöðumynd, grunnmynd, snið, ásýndir og þrívíðarmyndir sem sýna mannvirkin í landinu, efnisval, LCC greining og frumkostnaðaráætlun.

- ▶ Aðaluppdrættir

Hönnuðir vinni alla vinnu sem felur í sér að útbúa fullbúna aðaluppdrætti fyrir verkefnið.

- ▶ Verkteikningar

Hönnuðir vinni alla vinnu sem felur í sér að útbúa fullbúnar verkeikningar fyrir verkefnið, bæði sem snýr að búnað og allt annað sem þarf til þess að vinna og bjóða út verkið.

Hlutateikningar

Hönnuðir vinni alla vinnu sem felur í sér að útbúa fullbúnar hlutateikningar fyrir verkefnið bæði sem snýr að búnað og allt annað sem þarf til þess að vinna og bjóða út verkið.

Deiliteikningar

Hönnuðir vinni alla vinnu sem felur í sér að útbúa fullbúnar deiliteikningar fyrir verkefnið og allt annað sem þarf til þess að vinna og bjóða út verkið.

- ▶ Útboðsgögn og kostnaðaráætlun

Hönnuðir vinni fullbúin útboðsgögn og kostnaðaráætlun fyrir útboð framkvæmdarinnar.

- ▶ Hönnunarstjórnun

Bjóðandi skal leggja til hönnunarstjóra og sinna því starfi samkvæmt 4. gr gildandi byggingarreglugerðar.

- ▶ Hönnunarfundir

Hönnunarfundir hönnuða skulu haldnir með verkefnastjórn verkkaupa og þeim aðilum sem hönnuðir eða verkkaupi telur að kalla þurfi til. Hönnunarstjóri skal boða, stjórna og sjá um fundarritun á hönnunarfundum.

- ▶ Ráðgjöf á byggingartímanum

Bjóðandi skal sinna ráðgjöf á framkvæmdartíma verkefnisins. Bjóðandi skal uppfæra uppdrætti og gögn til samræmis við vinnu á tíma framkvæmdarinnar.

### **0.3.1 Áfangaskipting hönnunarstarfa**

Bjóðandi skal í upphafi verkefnisins leggja fram áfangaskiptingu hönnunarstarfa.

### **0.3.2 Tímaáætlun**

Helstu tímasetningar hönnunarstarfa eru sem hér segir:

- ▶ Upphaf hönnunartíma 4. maí 2023
- ▶ Útboðsgögn tilbúin 24. ágúst 2023

### **0.3.3 Frestir - Tafabætur**

Verði fullnaðarhönnun ekki lokið á tilsettum tíma sbr. grein 0.3.2 skal hönnunarteymi greiða verkkaupa tafabætur sem nemur 60.000 kr. fyrir hvern almanaksdag sem verkefnið dregst fram yfir skiladag lausna úr fullnaðarhönnun.

### **0.3.4 Tilhögun hönnunarstarfa**

#### **0.3.4.1 Almenn**

Hönnuðir í hönnunarteyminu skulu nota eigin aðferðir og vinnubrögð við úrlausn verkefnisins til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um verkefni þetta.

#### **0.3.4.2 Gæðatrygging**

Bjóðandi skal nota viðurkennt gæðakerfi við úrlausn verkefnisins. Í tilboðinu skal gerð grein fyrir gæðakerfi hönnuða og ábyrgðaraðila þess.

### **0.3.5 Fundir – samskipti**

Hönnunarstjóri skal í upphafi verks gera áætlun um fundi og samráð við útfærslu verkefnisins sem byggð er á tilboði hönnuða og tímaáætlun verkkaupa. Þá skal hönnunarstjóri einnig gera áætlun um dreifingu gagna í verkefninu, þ.m.t. hvernig samskiptavefir verða notaðir í því sambandi.

### **0.3.6 Framvinda**

Hönnunarteymið skal gera tímaáætlun fyrir vinnu teymisins og skal hún sundurliðuð á áfanga í verkinu og verkþætti eftir fagsviðum. Áætlunin skal byggð á þeim tímamörkum sem fram koma í þessum verðkönnunargögnum.

Hönnunarstjóri skal hálfsmánaðarlega og einnig í lok hvers áfanga gera umsjónamanni verkkaupa grein fyrir framvindu verksins og samanburði við áætlanir. Ef um frávík verða milli framvindu og áætlunar skal gefa skýringar á þeim frávikum og ráðstöfunum hönnunarteymisins til að vinna þann mun upp ef um seinkun er að ræða. Telji hönnunarteymi sig eiga rétt á framlengingu skilafrests vegna seinkana sem stafa af aðgerðum eða aðgerðarleysi verkkaupa, skal gerð sérstaklega grein fyrir því.

### **0.3.7 Verkefnisstjórn verkkaupa**

Eigna og framkvæmdasvið Rangárþings ytra.

Þessir aðilar eru eftirfarandi:

Tómas Haukur Tómasson, forstöðumaður eigna- og framkvæmdasviðs

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson, markaðs- og kynningarfulltrúi

## **0.4 Fylgigögn með tilboði**

Aðalskipulag

Deiliskipulag og skipulagslýsing  
Myndir og myndband af svæðinu  
Dwg hæðarlínugrunnur  
Hæðarlínukort